



PÉSI

35. ÁRGANGUR | 397 TBL.

JÚNÍ 2025

Athugið!

Næsti Pési kemur út
28. ágúst Efni þarf að
berast fyrir **25. ágúst**.



17. JÚNÍ Á FLÚÐUM

12:00 17. júní hlaup á Probygg fótboltavellinum

Nánara fyrirkomulag hlaupsins auglýst sér

13:00 Skrúðganga leggur af stað frá Félagsheimili

Hátíðardagskrá í Félagsheimili Hrunamanna

að skrúðgöngu lokinni

Sr. Óskar H. Óskarsson flytur hugvekju

Fjallkonan flytur ljóð

Hátíðarræðuna flytur Erna Elínbjörg Skúladóttir

Viðurkenning veitt íþróttamanni/konu ársins

Umhverfisviðurkenningar veittar

Barnaskemmtun með Óskari Snorra og Brándi

Eftir hátíðardagskrá:

Kassaklifur og hoppukastali í Lækjargarði

Vatnsrennibraut í Kvenfélagsskógi kl. 14:30-16:00

ærslabelgir, strandblak, frísbílgolf, aparóla

Sundlaugin verður opin kl. 10-18.

Tlvalið að skella sér í sund eftir
vatnsrennibrautina - frítt í sund
milli kl. 15-18

í Félagsheimili:

ÍBU Karfa verður með kaffisölu

Fimleikadeild UMFH verður með sjoppu



Flugklúbbur Flúða verður með
vöflukaffi og flugvélar til sýnis
kl. 14:00-16:00 á Flugvellinum



Nánar auglýst á facebook viðburði, 17. júní á Flúðum 2025

2025

Samfélag sem stendur saman er gott samfélag!

Forrættindin sem felast í því að búa í minna samfélagi eru mörg. Maður þekkir mann og margir þekkja marga. Daglegt amstur og félagslíf sameinar okkur þegar á reynir en líka þegar við þurfum að taka höndum saman til að gera gott samfélag enn betra eða til að takast á við áskoranir sem lífið færir okkur.

Síðustu misseri hafa okkur verið erfið, hörmuleg slys hafa orðið sem ekki verða aftur tekin. En þá, einmitt þá, er ótrúlegt að fylgjast með ykkur íbúum sem bregðist við með umhyggju og samhug hvert sem litið er. Við stöndum saman þegar lífið er ósanngjarnt og styðjum þá sem eiga um sárt að binda.

Kæru íbúar, takk fyrir umhyggju ykkar, ábyrgð og samhug. Takk fyrir að vera þið, við munum öll hjálpast að og feta veginn áfram.



Að vera á mörgum vígstöðum

Það er sannarlega nóg um að vera í sveitarfélaginu um þessar mundir.

Ekkert lát er á fjárfestingu á svæðinu og íbúðarhúsin rísa hvert af öðru. Landbúnaðurinn heldur áfram að þróast með enn meiri fjárfestingu. Reiðhallir rísa, mjaltapjónar streyma yfir Stóru-Laxá til uppsetningar á kúabúum í sveitinni okkar, iðnaðarhúsin fara að rísa við lðjuslóð og svo mætti lengi áfram telja.

Mikil fjárfesting er einnig hjá sveitarfélaginu og verður að segjast að mjög mörg verk-efni eru í gangi í ekki stærra sveitarfélagi. Innrétting á heilsugæslunni að Hrunamannavegi 3 er komin vel af stað og mun heilsugæslan opna í nýja húsnæðinu á haustmánuðum.

Lyfsali hefur sótt um leyfi til að opna lyfjaafgreiðslu í sama húsnæði og vonumst við til að þeirri beiðni verði vel tekið af Lyfjastofnun.

Björgunarfélagið Eyvindur hefur þegar hafið jarðvegsframkvæmdir við lðjuslóð vegna byggingar á nýrri Björgunarmiðstöð sem hýsa mun félagið og aðstöðu Brunavarna Árnessýslu.

Í félagsheimilinu er allt í fullum gangi við innréttingu á þjónustumiðstöð og bókasafni á jarðhæð og svo ráðhúsi og skrifstofurýmum til leigu fyrir íbúa eða fyrirtæki á efri hæð hússins en allt mun þetta verða tilbúið síðsumars. Íbúar hafa væntanlega orðið varir við miklar framkvæmdir á gámasvæðinu okkar. Svæðið var okkur ekki til framdráttar, rekið á undanþágu og vorum við eftirbátar flestra í þeim efnum. En fljótlega fer svæðið að taka á sig mynd. Þar mun ásýndin gjörbreytast og þjónusta svæðisins mun verða enn betri en nú er. Samhliða verður grenndarstöðvum á nokkrum stöðum lokað en aðgengi að miðlægri grenndarstöð sem og Flatholtinu verður samhliða bætt. Gatnagerð í Röðuls-tanga er í gangi og verkið er á áætlun. Það er gott að vita til þess að enn eru lausar til umsóknar nokkrar einbýlishúsalóðir svo sveitarfélagið er ekki lóðalaust í augnablikinu. Malbik verður svo lagt á lðjuslóð, Garðastíg og Ljónastíg og einnig á hluta af Gámasvæðinu í lok sumars.

Innrétting á nýrri aðstöðu fyrir Félagsmiðstöð ungmennanna okkar í Flúðaskóla fer að fara af stað. Hönnun er lokið og var Edda Arndal á Berghyl fengin til liðs við okkur ásamt starfshópi sem meðal annars var skipaður fulltrúa frá Ungmennaráði.

Nýr fjallaskáli við Svinárnes rís seinnipartinn í sumar en verið er að ganga frá kaupum á húsi og skipuleggja framkvæmdina sem er flókin á þessum stað.

Þið sjáið af þessari upptalningu að það er mikið um að vera og svo þarf allur hinn hefðbundni rekstur sveitarfélagsins einnig að ganga vel fyrir sig. Það er því í mörg horn að líta fyrir starfsmenn sveitarfélagsins sem allir eru að gera sitt allra besta og fyrir það vil ég þakka.

Skipulagsmálin eru málefni nærsamfélagsins

Málefni byggðasamlags UTU á Laugarvatni sem sinnir skipulags og byggingamálum fyrir sveitarfélagið hafa nokkuð verið í umræðunni að undanförunu. Undirritaður situr þar í stjórn og á einnig sæti í skipulagsnefnd samlagsins. Vil ég árétta að fullur vilji er hjá sveitarfélaginu að halda áfram samstarfinu um rekstur embættisins á Laugarvatni.

Í upphafi er rétt að ítreka það að skipulagsnefndin sem slík hefur ekkert að gera með daglega starfsemi UTU en eins og fram hefur komið er sveitarstjórn Hrunamannahrepps ósammála því fyrirkomulagi að skipulagsnefnd Hrunamannahrepps sé skipuð fulltrúum úr fimm öðrum sveitarfélögum.

Skipulagsmál eru allt um liggjandi í öllum ákvarðanatökum og því þurfa kjörnir fulltrúar hvers sveitarfélags að eiga góða umræðu með skipulagsfulltrúa um þessi mikilvægu mál. Hin sameiginlega skipulagsnefnd UTU er einsdæmi á landsvísi. Hvergi annars staðar á landinu eru sameiginlegar skipulagsnefndir en aftur á móti er algengt að sveitarfélög sameinist um útfærslu ákvarðana og verkefna einstakra nefnda eins og gert er á Laugarvatni. Ákvörðun um þetta fyrirkomulag byggði á allt öðrum forsendum og allt öðru umhverfi en nú er. Gögn voru á pappíriformi, netfundir voru ekki til og samgöngur milli sveitarfélaga með allt öðrum hætti en er í dag.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps er einhuga í þeirri afstöðu sinni að tryggja beri lýðræðislega umræðu og aðkomu fleiri aðila að umræðunni, ekki bara eins aðila/oddvita sem þar af leiðandi fær miklu betri upplýsingar en aðrir og situr einn á fundum um skipulagsmál.

Breytingin sem sveitarstjórn Hrunamannahrepps óskar eftir hefur engin áhrif á önnur sveitarfélög önnur en þau að fulltrúi Hrunamannahrepps fjallar ekki lengur um skipulagsmál annarra sveitarfélaga og önnur sveitarfélög fjalla ekki um mál Hrunamannahrepps. Vona ég innilega að sátt náist í málinu og ósk okkar verði samþykkt um sjálfstæða skipulagsnefnd skipaða af fulltrúum okkar sveitarfélags. Fulltrúum sem best þekkja til svæðisins og óska íbúa.

Að lokum vona ég að íbúar allir njóti sumarsins og veðurfarið verði okkur öllum hagstætt.

*Kærar kveðjur,
Jón Bjarnason, oddviti.*

Heilsuvikan í ár er 1.-7. september

Heilsuvikan miðar að því að hvetja íbúa til að hlúa að líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu sinni. Ókeypis er í sundlaug, tækjasal og íþróttahús þessa vikuna.

Viðburðir vikunnar:

- Æfing og fyrirlestur frá Primal Iceland - vilt þú öðlast frelsi í eigin líkama. Löggð er áhersla á að geta æft án verkja, auka liðleika og streitustjórnun.
- Kraftlyftinganámskeið - grunnatriði í kraftlyftingum. Þjálfari: Óttar Guðlaugsson.
- Sund fyrir börnin í Sundlauginni á Flúðum
- Skemmtileg ganga með Else
- Flot fyrir alla í Sundlauginni á Flúðum
- Kynningar á leiðum til heilunar og sjálfshjálpar, Jóga og slökun hjá Fjólu
- Hlaupaþjálfun á vegum Lýðheilsu og æskulýðsnefndar
- Spriklandi kát fyrir morgunhanana

Hlökkum til að hreyfa og rækta okkur saman.

Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd

FÁÐU SLYSID BÆTT


HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.



BÓTARÉTTUR
- þú færð þitt



botarettur.is



HUGMYND

TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

Högnastíg 14

845 Flúðir

flight@simnet.is

Sími 699 0757



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Hrunamannahreppur

velliðan fyrir alla



Grænna land ehf.

Hellulagnir - Áburðargjöf

Beðahreinsun - Garðsláttur

Garðauðun - Trjáklippingar

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Pökulagnir - Trjáplöntusala

Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími 858 3399

graennaland@simnet.is



Sundlaugin á Flúðum

1. júní - 15. ágúst

Virka daga

frá kl. 10:00 - 20:00

Laugardaga og sunnudaga

frá kl. 10:00 - 18:00

Tækjasalur á Flúðum

Opnunartími tækjasals:

Á virkum dögum:

kl. 06:00-14:00 án starfsmanns

kl. 14:00-20:00 með starfsmanni

Um helgar:

kl. 06:00-20:00 án starfsmanns

Vinsamlegast athugið að gengið er inn á neðri hæð, bílastæðamegin.

Árskort sem gilda í sundlauginu, íþrótt- og tækjasalinn eru á mjög hagstæðu verði, aðeins 19.000 kr. Minnum á að hjá flestum stéttarfélögum er hægt að sækja um styrk.

HRUNAPRESTAKALL



Kæru sveitungar.

Síðustu fermingarmessur ársins voru sungnar í blíðskaparveðri á hvítasunnu og óska ég fermingarbörnum vorsins og fjölskyldum þeirra innilega til hamingju. Einnig vil ég nota tækifærið til að hrósa samfélagi okkar fyrir einstaka samheldni og hlýhug á erfiðum tímum í kjölfar fráfalls Vígundar Þorsteinssonar í Haukholtum. Í vanmætti okkar andspænis því hörmulega slysi finnum við glöggt hve gott er að búa í traustu samfélagi. Stöndum saman áfram og hlúum vel hvert að öðru. Framundan í helgihaldinu hjá okkur eru eftirfarandi messur:

Útiguðspjónusta í Steinsholti sunnudaginn 15. júní kl. 11.

Kirkjukórinn syngur undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur. Verið öll velkomin!

Sumarmessa í Tungufellskirkju á Jónsmessu þriðjudaginn 24. júní kl. 20.

Almennur söngur undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur. Verið öll velkomin!

Hestamannamessa í Hrepphólakirkju sunnudaginn 17. ágúst kl. 14.

Hópreið leggur af stað frá Hruna kl. 11:30 með viðkomu í Hlíð. Almennur söngur undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur organista. Kaffi á eftir. Verið öll hjartanlega velkomin!

Guð gefi okkur öllum gleðilegt sumar!

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur

Nýja útitaflíð
við Flúðaskóla er
vinsælt enda er svo
skemmtilegt að tefla



Nýtt fyrirkomulag vegna opnunar tækjasals í sumar

Fljótlega klárast uppsetning á nýjum búnaði sem gerir okkur kleift að hafa tækjasalinn opinn án starfsmanns.

Það mun taka einhvern tíma að koma öllum inni kerfið en við stefnum á að byrja með þetta kerfi í næstu viku.

Þegar kerfið er klárt og fólk búið að skrá sig verður tækjasalurinn opinn með eftirfarandi hætti í sumar:

Á virkum dögum:	kl. 06:00-14:00	án starfsmanns
	kl. 14:00-20:00	með starfsmanni
Um helgar:	kl. 06:00-20:00	án starfsmanns.

Til að einstaklingar geti nýtt sér opnun án starfsmanns þarf viðkomandi að skrifa undir ábyrgðaryfirlýsingu og það þarf einnig að skrá alla inn í nýja kerfið.

Hægt verður að koma frá og með morgundeginum og setja sig inn í kerfið og skrifa undir ábyrgðaryfirlýsinguna.

Vinsamlegast athugið að til að þetta gangi upp verða allir að fara eftir settum reglum og ganga vel um tækjasalinn.

Ef að einhver fer ekki eftir settum reglum eða hleypir einhverjum inn á sínum aðgangi þá fær viðkomandi ekki að nýta sér opnun án starfsmanns.

*Bestu kveðjur,
Arna Þöll Sigmundsdóttir, forstöðumaður íþróttamannvirkja*

***Pésinn birtir auglýsingar og
skemmtilegt efni um allt það sem
um er að vera í sveitarfélaginu***

Endilega ekki hika við að hafa
samband og kannið möguleikana.

Sendið efni og auglýsingar
á svanhildur@fludir.is





VISS fréttir fjalla um ýmis konar hluti í nágrenninu og skemmtilegar staðreyndir

VISSIR ÞÚ AÐ...

Viss á Flúðum býr til verðlaunagripi fyrir hestamannamót og aðrar keppnir eða viðburði.



Kjúklingaréttur með pestó, döðlum og fetaosti

Uppskrift frá Gunnlaugi Emilssyni

Takk, Atli Sigmundsson, fyrir að skora á mig. Hann veit að ég er meistarakokkur í að hita upp mat en læt frúna oftast elda fyrr mig. Mig langar að skora á Nina Faryna. Hún er bæði menntaður kokkur og mikill matargæðingur.

Hlutföllin í þessari uppskrift eru ekki heilög og ég mæli með því að fólk smakki sig bara áfram.

Innihald

4 kjúklingabringur,
skornar í 2-3 bita
1 krukka rautt pestó
Döðlur, gróft saxaðar
Svartar ólívur,
gróft saxaðar
Fetaostur og smá
olía af fetaosturinn
Grófmalað pipar
Hlynsiróp
2-3 dl rjómi

1. Öllu nema rjómanum blandað saman og sett í eldfast mót. Gott er að setja smá hlynsiróp yfir réttinn.
2. Setjið í 200°C heitan ofn í 25 mín.
3. Mótið tekið úr ofninum og rjómanum hellt yfir og sett aftur inn í 10 mín.

Þessari uppskrift má svo breyta með því að hafa fisk staðinn fyrir kjúkling og finnst okkur gómsætt að nota nætursaltaðan þorsk.



HREPPAMAÐUR MÁNAÐARINS

Hreppamaður mánaðarinn er viðtal við einstakling sem býr í Hrunamannahreppi en sem er ekki endilega fæddur og uppalinn í hreppnum. Skemmtileg leið til að kynnst sveitungum okkar.



Hvað heitir þú og hvar áttu heima? Ég heiti Lukáš Kopal og bý með konunni minni, Veroniku, og dóttur okkar, Ronju, í Suðurhófi 5.

Hvað hefur þú búið lengi í Hrunamannahreppi? Ég flutti til Hrunamannahrepps í byrjun árs 2020. Áður bjó ég við Mývatn í tvö ár.

Við hvað ertu að starfa? Ég vinn sem framkvæmdastjóri í Krambúðinni. Ég sé um verslunina og panta vörur.

Uppáhaldsstaðurinn þinn í Hrunamannahreppi? Allur Hrunamannahreppur er fallegur og að mínu mati sá fallegasti á öllu Íslandi, en mér finnst skemmtilegast að eyða tíma í garðinum okkar með útsýni yfir Reiðhöllina og Miðfell.

Hvað er það besta við Hrunamannahrepp? Ég vildi í alvöru ekki vera áfram á Íslandi áður en ég uppgötvaði Hrunamannahrepp, en náttúran og fólkið hér breytti skoðun minni. Það er ótrúlega friðsælt hér, sérstaklega fyrir einhvern frá borg með hálfri milljón íbúa. Sérstaklega eftir að dóttir mín fæddist, þegar margir á svæðinu komu til að hjálpa okkur, varð ég virkilega ástfanginn af þessu.

Finnst þér þú vera Hreppamaður? Ég finn meira og meira að ég tilheyri hér. Ég gekk nýlega til liðs við Björgunarfélagið og ætla að skrá mig á námskeið hjá þeim þegar ég hef bætt mig í íslenskunni. Á meðan hjálpa ég til við fjáröflun, nýlega með flugeldasölu.

FRÓÐLEIKSMOLI

Fyrsta teiknimyndin sem gerð var á Íslandi var „The Pioneer“, fimm mínútna svarthvít stuttmynd eftir Jón Axel Egilsson, sem var gerð árið 1974. Þessi mynd var hluti af upphafi hreyfimynda á Íslandi, sem féll saman við upphaf kvikmyndagerðar á landinu á svipuðum tíma. Önnur skáldsaga myndin, Hammer of Thor, var gerð af Sigurður „Siggi“ Örn Brynjólfsson og var fyrsta teiknimyndin sem var gerð á Íslandi í lit.

Nýtt ráðhús og þjónustumiðstöð/ bókasafn opnar í haust

Unnið er nú hörðum höndum að breytingum á vestari hluta Félagsheimilis Hrunamanna. Gert er ráð fyrir að Ráðhúsið muni opna þar á efri hæð í byrjun ágúst en ný lyfta mun tryggja aðgengi fyrir alla á milli hæða. Styrkur fékkst frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, 13 m.kr. til þess að setja þessa lyftu og einnig aðra í íþróttahúsið svo allir geti einnig notið tækjasalarins og aðstöðu sjúkráþjálfara.



Edda Jónsdóttir

Á efri hæðinni í félagsheimilinu verður einnig skrifstofuhótel og fundaaðstaða. Þeir sem áhuga hafa á að nýta sér aðstöðu í skrifstofuhótelinu eru hvattir til að hafa fljótlega samband við sveitarstjóra.

Á neðri hæð verður bókasafn og móttaka ráðhússins. Þar standa vonir til að muni þróast skemmtileg þjónustu- og samfélagsmiðstöð sem laða muni til sín íbúa á öllum aldri. Mun sú aðstaða verða opin á sama tíma og ráðhúsið og þar með verður allt annað aðgengi að til dæmis bókasafninu heldur en verið hefur.

Edda Jónsdóttir, frá Högnastöðum, hefur verið ráðin í starf forstöðumanns þjónustumiðstöðvarinnar og mun hún taka til starfa í að loknu sumarfríi.

Á meðfylgjandi myndum má sjá teikningu að þeim breytingum sem nú er unnið að.



Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.

Gísli Laugum
Sími 861 9682



Löggiltur rafverktaki
/ bílaflutningur

Axel
Sími 860 7073



Víglundar minnst – safnað fyrir fjölskylduna

Víglundar Þorsteinssonar í Haukholtum sem lést í hörmulegu slysi aðeins 10 ára að aldri þann 28. maí 2025 var minnst á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 5. júní sl. með mínútu þögn. Í máli oddvita kom fram að þrátt fyrir ungan aldur hafi Víglundur sett mark sitt á samfélagið og skilur hann eftir sig stórt skarð, minning hans mun lifa. Sveitarstjórn og sveitarstjóri senda foreldrum, systkinum, öðrum aðstandendum og vinum innilegar samúðarkveðjur.



Kvenfélag Hrunamannahrepps stendur nú fyrir söfnun til að styðja við fjölskyldu Víglundar á þessum erfiðu tímum. Gengur söfnunin vel og þegar hefur fjölskyldunni verið færður traktor sem keyptur var fyrir söfnunarfé. Kemur það sér vel á þessum tímapunkti en jarðvinna og heyskapur í sveitinni bíða ekki en aðalvél búsins eyðilagðist í slysinu. Hluti söfnunarfjárins fór í þessi kaup en söfnuninni er ekki lokið.

Upplýsingar um styrktarreikninginn eru eftirfarandi:

Kennitala: 700169-7239

Reikningsnúmer: 0325-22-001401

Hundaeigendur athugið!

Samkvæmt samþykkt um takmörkun hundahalds í Hrunamannahreppi þá ber að skrá alla hunda í sveitarfélaginu.

Eigandi hunds skal láta örmerkja hund sinn hjá dýralækni, skrá hann á skrifstofu sveitarfélagsins og fá þar afhenta númeraða plötu sem alltaf skal vera um háls hundsins.

Fyrir þetta skal hann greiða leyfisgjald samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Hundaeigendum er jafnframt bent á að kynna sér reglur sem gilda um hundahald í sveitarfélaginu sem finna má á heimasíðunni:

www.fludir.is/stjornsysla/reglur og samthykkir/umhverfismál



Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is




**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



BORGTHOR EHF
Öll almenn gröfuhjónusta.
Útvegum allar gerðir
fyllingarefna



Bubbi 899-0816
Margrét 699-4001

Fóttaaðgerðastofa
Öddu Siggu

Miðfelli 2a
Tímáparentanir í síma
867 6580



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímáparentanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.

Blóðþrufur eru teknar mánudaga til
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf
tíma í blóðþrufur og beiðni frá lækni
þarf að liggja fyrir.

Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

Vinsamlegast pantið tíma í
síma 845 9816 (Halyna).





LEIKSKÓLINN UNDRALAND, FLÚÐUM AUGLÝSIR EFTIR DEILDARSTJÓRA OG LEIKSKÓLAKENNURUM TIL STARFA



Komdu í kraftmikið og skapandi umhverfi!

Ertu metnaðarfull(ur) og brennur fyrir leikskólastarfi? Viltu vera hluti af skóla sem leggur áherslu á umhverfi, útinám og umhyggju? Við leitum að leikskólakennurum sem vilja taka þátt í þróunarstarfi þar sem snemmtæk íhlutun, mál og læsi eru í brennidepli.

Við í Undralandi leggjum mikla áherslu á virðingu fyrir börnum og að koma til móts við ólíkar þarfir þeirra. Hver einstaklingur skiptir máli, og við vinnum með jákvæða nálgun þar sem umhyggja, stuðningur, hlýja og styrkleikar hvers barns eru í forgrunni. Í Undralandi eru um 50 börn og fer skólinn ört stækkandi. Á næsta skólaári er áætlað að taka í notkun sér ungarnadeild. Einnig verður farið í innleiðingu á agastefnunni „jákvæðum aga“ á næsta skólaári.

Við bjóðum:

- Lifandi og skapandi vinnuumhverfi
- Teymisvinnu og faglegt nám
- Áherslu á útinám og umhverfis-mennt
- Tækifæri til að hafa áhrif á þróun skólastarfsins
- Stuðning í starfi
- Aðstoð við húsnæðileit / húsnæðis-stuðning

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf kennara með áherslu á leikskólastarf eða aðra sambærilega menntun
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Jákvæðni og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla í starfi með leikskólabörnum
- Virðing og áhugi á að vinna með börnum
- Hreint sakavottorð

Sæktu um og vertu hluti af framsæknu leikskólastarfi í friðsælu umhverfi.

Ef ekki fást leikskólakennarar verða leiðbeinendur ráðnir tímabundið.

Nánari upplýsingar veitir Jóna Björg Jónsdóttir leikskólastjóri s. 480 6620 / 898 3077 og jona@undraland.is.

Umsóknir með ferilskrá sendist á jona@undraland.is.

Það er gagnlegt og gaman að starfa í Ungmennaráði

Sameiginlegur fundur Ungmennaráðs og sveitarstjórnar Hrunamannahrepps var haldinn þann 21. maí sl. Á fundinn mættu frá Ungmennaráði þær Katrín Katla Guðmannsdóttir, Íris Birna Árnadóttir og Anna Katrín Víðisdóttir. Sveitarstjórn mætti fullskipuð til fundar auk sveitarstjóra.

Fundurinn var afskaplega góður en á honum fóru fulltrúar Ungmennaráðs yfir helstu verkefni sem ráðið hefur unnið að en einnig ný verkefni og ekki síður hvernig ungmennaráð getur stuðlað að aukinni þátttöku ungmenna í ákvörðunum og verkefnum í sveitarfélaginu.

Ungmennaráð hefur að undanförnu unnið að innleiðingu barnasáttmálans. Stefnt er að ungmennapingi þar sem meðlimir Ungmennaráðs verða umræðustjórar. Einnig hefur formaður unnið með starfshópi að hönnun nýrrar félagsmiðstöðvar og frístundar. Ungmennaráð hefur einnig komið að vali á leiktæki fyrir Lækjargarðinn. Ungmennaráð hefur tekið að sér að sjá um laugardagsdagskrá Heilsuvikunnar sem haldin verður fyrstu vikuna í september svo fátt eitt sé talið.

Allir fundarmenn voru ánægðir með fundinn sem var bæði gagnlegur og skemmtilegur. Ákveðið var að í framhaldinu yrði starfsemi Ungmennaráðs betur kynnt og að stefnt yrði að sameiginlegum fundi sveitarstjórnar og ungmennaráðs einu sinni á ári til framtíðar.



Helstu niðurstöður ársreiknings Hrunamannahrepps 2024



Rekstur:

- Rekstrarhagnaður samstæðunnar (A og B hluti) nam 133,3 m.kr. sem er betri niðurstaða en árið áður (122,9 m.kr.).
- Ársreikningur A hluta var jákvæður um 112,6 m.kr. sem er meira en búist var við í fjárhagsáætlun.
- Heildartekjur samstæðu námu 1.837 m.kr. en heildargjöld voru 1.545 m.kr.
- Framlegð (EBITDA) var 291,5 m.kr, eða um 16% af tekjum, sem er sterk afkoma.
- Veltufé frá rekstri nam um 271 m.kr. og handbært fé frá rekstri var 393,4 m.kr. sem er meira en áætlað (186,8 m.kr.).

Fjárfestingar og skuldir:

- Árið 2024 fjárfesti sveitarfélagið fyrir 407,6 m.kr. en fjárfestingar á síðustu tveimur árum nema rétt tæpum einum milljarði.
- Ný langtímalán voru ekki tekin á árinu, en afborganir langtímalána námu 106,7 milljónum króna.
- Skuldir sveitarfélagsins í lok árs voru 71% af veltufé, sem er langt undir viðmiðum og skuldahlutfall A hluta er aðeins 43%.

Framtíðarsýn:

- Innviðir eru sterkir og framtíðin er björt. Fólk og fyrirtæki horfa til Hrunamannahrepps sem áhugaverðs staðar til uppbyggingar og búsetu.
- Efnahagsleg staða sveitarfélagsins er sterk, og niðurstöðurnar gefa góða mynd af ábyrgri fjárhagsstjórn.
- Sveitarstjórn horfir bjartsýn til framtíðar, byggt á traustum fjárhagslegum grunni og skynsamlegri uppbyggingu.
- Almennt sýnir ársreikningurinn sterka stöðu, góða rekstrarafkomu og áherslu á áframhaldandi uppbyggingu og vaxtarmöguleika sveitarfélagsins.

Þakkir:

- Þakkir til stjórnenda og starfsmanna fyrir framlag þeirra til ábyrgs rekstrar og góðrar þjónustu.